



**Óskað er heimildar til að ganga til samninga
um þróun á Þjónustuappi
í opnu samstarfi við Stefnu ehf.**

Kópavogi, 16. mars 2021
2102298/034.01 ÍPÞ

Forstöðumaður upplýsingatæknideildar óskar heimildar til að ganga til samninga um opna þróun á Þjónustuappi í samstarfi við hugbúnaðarhúsið Stefnu ehf.

Drög að samningi voru áður lögð fyrir bæjarráð 11.02.2021 og eftir það hafa samningsdrögin verið yfirfarinn og bætt.

Kostnaður Kópavogsbæjar er kr. 6.273.136 án vsk og hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun Upplýsingatæknideildar (21-420) árið 2021.

Í fyrstu útgáfu er lögð áhersla á einfalda íbúum að senda inn ábendingar með staðsetningu. Einnig verður þessi nýja dreifileið notuð til að koma ýmsum hagnýtum upplýsingum til íbúa. Áhersla verður lögð á að þjónustan verði notendavæn og samræmd hvort sem hún verður veitt í gegnum Þjónustuappið, Þjónustugáttina, á opnum vef Kópavogsbæjar eða með öðrum hætti.

Um er að ræða opna hugbúnaðarþróun og verður allur kóði lausnarinnar gerður opinn (Open Source).

Virðingarfyllst,

Ingimar Þór Friðriksson
Forstöðumaður upplýsingatæknideildar